



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

BRÚÐKAUP Í MÓNAKÓ

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú verða viðstödd brúðkaup Alberts II og Charlène Wittstock sem fram fer í Mónakó á morgun, laugardaginn 2. júlí. Að lokinni vígsluathöfn í dómkirkjunni er boðið til hátíðarkvöldverðar í höllinni.

Albert prins hefur verið virkur þátttakandi í málefnum Norðurslóða sem og í alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar. Stofnun hans hefur styrkt fjölmörg verkefni á þeim sviðum, m.a. alþjóðleg málþing um heimskautarétt sem haldin hafa verið á vegum Háskólans á Akureyri. Þá hefur hann einnig verið mikill stuðningsmaður Smáþjóðaleikanna, íþróttahátíðar smæstu ríkja í Evrópu, og heimsótti m.a. Ísland þegar þeir voru haldnir hér.

1. júlí 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).